

<Matthías saga digitalis 6.0/>
Festschrift for
Matthew James Driscoll
on the occasion of his sixtieth birthday
15th May 2014

Edited by
Silvia Hufnagel, Tereza Lansing, Philip Lavender,
J.S. Love, Ragnheiður Mósesdóttir, Beeke Stegmann

Copyright © 2014 by the authors

Published with financial support from
Nordisk Forskningsinstitut, University of Copenhagen

First edition 15th May 2014

This slightly revised electronic edition is published on
nfi.ku.dk/publikationer/webpublikationer/matthias_saga_digitalis_60/
ISBN 978 87 992447 4 4

Typeset by Florian Grammel

Physical copies bound by
Sille Bræmer Enke, Natasha Fazlić and Mette Jakobsen

TVEIR RÓSAGARÐAR OG TVÖ HANDRIT Í KAUPMANNAHÖFN

AÐALHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Söguhetjur *Nibelungenlied* lifðu lengi í sagnahefð þýskumælandi þjóða og ein þeirra hetja sem þróaðist yfir í hinar ýmsu hliðarmyndir var Kriemhild, hin sama og Norðurlandabúar þekktu og þekkja enn sem Guðrúnu, söguhetju *Völsunga sögu*. Um Kriemhildi var m.a. ort í miðháþýsku kvæði frá 13. öld, eða *Rosengartenlied* (*Rosengarten zu Worms*), þar sem hún leikur hlutverk fagurrar og stoltrar drottningar. Kvæðið er varðveitt í fimm gerðum sem greinir efnislega á um einstök atriði.¹ Umgjörð sögunnar er rósagarður Kriemhildar í Worms; umhverfis rósagarðinn liggur gylltur borði, en í honum miðjum stendur linditré, og á því situr fugl.

Rosengartenlied (A-gerð) segir frá því þegar Kriemhild sendir Dietrich, öðru nafni Þiðreki af Bern, boð og skorar á hann að koma til rósagarðsins ásamt ellefu af sínum bestu riddurum og taka þátt í einvígi við heimamenn; háð verði tólf einvígi, og skuli sigurvegari hverrar þrautar fá að launum koss frá Kriemhildi og rósakrans. Dietrich, sem reynist tregur í fyrstu, gengst við boðinu og tekst, ásamt ellefu

¹ O. Haid, „Rosengarten,“ í *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*, ritstj. Heinrich Beck, Dieter Geuenich og Heiko Steuer, 25. bindi (Berlin og New York: Walter de Gruyter, 2003), 336–339, hér 336–337.

köppum á við tólf manna lið Wormsbúa. Svo fara að lokum leikar að lið Dietrichs vinnur öll einvigin, en við það fá riddarar hans þau laun sem í boði voru. Einn þeirra, munkurinn Ilsan, gerir sér þó lítið fyrir og snýr aftur til rósagarðsins, þar sem hann sigrar einn hvorki meira né minna en fimmtíu og tvo riddara þeirra Wormsbúa og fær því að launum jafn marga kossa og rósakransa frá Kriemhildi sem blóðgast af grófu skeggi hans. Það má því segja að kvæðið fjalli um hégómleg og blóðug átök sem eiga sér stað í hinum fagra rósagarði, þar sem rósir Kriemhildar – jafnt sem heiður hennar sjálfrar – eru fótum troðnar. Það þarf því engan að undra þótt rósagarðurinn hafi verið túlkaður sem táknmynd Paradísar, og víst er að sagan er öll hin athyglisverðasta með tilliti til frekari túlkunar og táknlesturs.

Fyrir þá sem þekkja til Kriemhildar úr annars konar kveðskap, vekur það sérstaka athygli hversu grimm hún er. Reyndar má segja að nafn hennar eigi þó mun betur við hlutverk hennar hér, þar sem Kriemhild/Grimhild merkir í raun hin grimma Hildur. Í *Rosengartenlied* er hún a.m.k. sú kona sem gerð er ábyrg fyrir þjáningu og falli Wormsbúa, líkt og reyndar í *Nibelungenlied*, þar sem okkur er þó kynnt forsagan að ógæfu hennar og hefndarþorsta. Hér er okkur hins vegar ekki gefin nein forsenda til að skilja Kriemhildi, og má jafnvel halda því fram að sjónarhorn kvæðisins sé að þessu leyti kvenfjandsamlegt,² ekki nema þá að höfundur kvæðisins hafi gert ráð fyrir að áheyrendur sínir hafi þekkt til forsögu Kriemhildar eftir öðrum leiðum.

² Sbr. Edward R. Haymes og Susann T. Samples, *Heroic Legends of the North: An Introduction to the Nibelung and Dietrich Cycles* (New York and London: Garland, 1996), 128.

Rosengartenlied hefur stundum verið kallað „Hinn stóri rósagarður“ til aðgreiningar frá miðháþýska kvæðinu *Laurin*, sem kallast þá aftur á móti „Rósagarðurinn litli“. Kvæðið, sem talið er ort í Suður-Þýskalandi um miðja 13. öld, er varðveitt í handritum frá 13. og fram á 16. öld, og þ.á m. AM 32 fol. í safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Í kvæðinu segir frá dvergakonunginum Laurin, sem ríkir í týrólsku Ölpunum. Ýmislegt er líkt með kvæðunum tveimur, sem bæði segja frá bardaga sem á sér stað í rósagarði, þar sem finna má gullborða, linditré og fugl. Sagan gengur út á frelsun Künhildar, sem er gísl Laurins og hefur verið gerð að drottningu dverganna gegn eigin vilja. Til bjargar Künhildi kemur Dietrich af Bern ásamt liði sínu og frelsar hana.³ Það vekur athygli að hlutverk Dietrichs er ólíkt því sem um getur í *Rosengartenlied*, þar sem segja má að hann hafi sigrað rósagarð Kriemhildar, en ekki frelsað hana sjálfa.

Kvæðið um Laurin dvergakonung var á 15. og 16. öld prentað ellefu sinnum í Þýskalandi, en þaðan barst það til Danmerkur sem svokölluð almúgasaga eða *Volksbuch*, en slíkar frásagnir nutu mikillar hylli á 16. og 17. öld. Dönsk þýðing/umritun á kvæðinu var prentuð í Lübeck árið 1588 og aftur rúmum áratug síðar, árið 1599.⁴ Árið 1743 var dönsk útgáfa frá 1701, *Kong Laurins Krønike*, svo þýdd yfir á íslensku af Jóni Ólafssyni úr Grunnavík, og er sú þýðing varðveitt í handritinu Kall 613 4to í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. Hin þýska Künhild *Laurins* er hér orðin nafnlaus, og látið nægja að kynna hana

³ J.P. Jacobsen, Jørgen Olrik og R. Paulli, útg., *Danske Folkebøger fra 16. og 17. aarhundrede*, 4. og 13. bindi (København: Gyldendalske boghandel – Nordisk forlag, 1925 og 1936), lxiv–lxxiv og 209–241; og Haid, „Rosengarten,“ 337.

⁴ Jacobsen et al., *Danske Folkebøger*, 194; og Haid, „Rosengarten,“ 337.

sem „ágæta, hæverska og siðprúða jungfrú“.⁵ Þótt e.t.v. mætti segja að ungrúnni sé með nafnleysi sínu ekki gert hátt undir höfði, er hlutverk hennar sjálfrar í björgunaraðgerðunum allmikið, því að það er hún sem að lokum bjargar „Didrik“ af Bern og öllum hans mönnum undan brögðum Laurins.

Rósagarður Laurins dvergakonungs, sem stendur í stöðugum blóma, er samkvæmt þýðingu Jóns í Lombardiu, þ.e. á Norður-Ítalíu. Þótt rósagarðurinn þýski sé líklega fyrst og fremst afsprengr þýskra sagnamanna og skálda má til gamans geta að „Rosengarten“ er vinsælt örnefni í og umhverfis Þýskaland og þ.á m. á söguviði *Rosengartenlied* í nágrenni Worms, sem og á söguviði kvæðisins um *Laurin* í Suður-Týról, nyrst á Ítalíu. Síðarnefndi rósagarðurinn er fjallgarður í Dólómíta-Ölpunum svokölluðu, sem tilheyrir í stærra samhengi týrólsku Ölpunum. Fjallagarðurinn er enn þann dag í dag tengdur sögnum um Laurin, og segir sagan að sigraður hafi dvergakonungurinn lagt álög á rósagarðinn og breytt honum í stein, þ.e.a.s. fjöllin hrikalegu.

⁵ Valgerður Hilmarsdóttir, „Laurins kóngr kronika: Sagan um Laurin dvergakonung“ (óprentuð BA-ritgerð við íslenskuskor Hugvísindadeildar, Háskóli Íslands 2005), 79. Textinn hefur einungis verið skrifaður upp í „Laurins kóngr kronika“, 60–82, sjá ennf. 12–13. Sjá einnig Aðalheiður Guðmundsdóttir, Inngangur, *Úlfhams saga*, útg. Aðalheiður Guðmundsdóttir (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2003), xiii–cclxxxi, hér lxi–lxii.



Titilsíða Kong Laurins Krønike frá 1701, þeirrar útgáfu sem síðar var þýdd yfir á íslensku.